

Formaður Starfsgreinasambandsins, félagsmálaráðherra,
bæjarstjóri, framkvæmdastjóri mannréttindaskrifstofu Íslands,
gestir og félagar

Það er mér mikils virði að vera með ykkur hér í dag. Ég er ykkur þakklátur fyrir að gefa mér kost á því. Jafnframt vil ég óska ykkur góðs gengis og velfarnaðar í störfum ykkur á þessum fimmta ársfundi Starfsgreinasambandsins.

Það er margt til umfjöllunar á þessum fundi eins og endranær, en ég geri ráð fyrir að kjaramálin verði fyrirferðarmest. Staðan í þeim málum er með þeim hætti að það verður ekki undan því vikist að fjalla ítarlega um þau.

Það mun reyna á endurskoðunarákvæði kjarasamninganna í nóvember. Við höfum svo mánuðum skiptir bent á að flest benti til þess að sú staða yrði uppi nú í haust og nokkuð er síðan það varð ljóst að ekki yrði hjá því komist.

Það er breitt bil milli þess sem aðildarfélög Alþýðusambandsins töldu sig vera að semja um vorið 2004 og þess sem staðan í dag felur í sér. Ég tek heilshugar undir það með formanni ykkar að þetta eru vonbrigði – sár vonbrigði. Við bundum miklar vonir við þessa samninga.

Verkefni næstu vikna er að finna leiðir til að brúa þetta bil. Til þess eru fleiri en ein aðferð. Fyrst ber okkur að reyna að semja við atvinnurekendur um hvernig bilið verði brúað. Samningarnir kveða einfaldlega á um að það skuli reynt.

Þegar við setjumst að þeirri vinnu munum við vitaskuld leitast við að endurreisa markmiðin sem lagt var af stað með. Þá er ég ekki einungis að tala um það sem samningarnir kváðu á um, heldur er okkur hollt að rifja upp markmiðin sem við skilgreindum áður en við hófum samningavinnuna. Í þeim eru ýmis atriði sem fengur væri í að ná fram. Einhver þeirra hafa orðið að veruleika, en stærsti hlutinn er óafgreiddur.

Í ársbyrjun 2004 fór hópur forystumanna úr Alþýðusambandinu á fund fulltrúa ríkisstjórnarinnar til að ræða mögulega aðkomu ríkisvaldsins að því að liðka til fyrir kjarasamningum. Á þessum fundi lögðum við fram skriflega greinargerð um það hvað við teldum að ríkisstjórnin gæti lagt inn í samningagerðina.

Grunnstefið í þeim áherslum var ákall um samstarf og sameiginlega framtíðarsýn verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda, framtíðarsýn sem einkenndist af samþættingu efnahags, atvinnu- og félagsmála. Þetta væri bundið í sáttmála þessara aðila.

Með þessu móti töldum við að hægt væri að flétta saman hagsmuni atvinnurekenda og launafólks og leggja þannig grunn að traustum kjarasamningi sem tryggði stöðugleika og bætt kjör til næstu ára. Við vorum reiðubúin til að búa við tiltölulega hógværar launahækkanir, að því gefnu að kaupmáttur þokaðist upp á við – og efnahagslegur stöðugleiki héldist.

Því miður gekk þetta ekki eftir og ég er þeirrar skoðunar að það sé ein af helstu ástæðum þess að kjarasamningarnir eru í uppnámi.

Í bréfinu sem við afhentum fulltrúum ríkisstjórnarinnar voru dregin fram nokkur atriði sem við töldum að skynsamlegt væri að fjalla um í tengslum við samningana. Við bentum á nauðsyn þess að jafna lífeyrisréttindi allra landsmanna, treysta réttindi til atvinnuleysistrygginga, fullorðinsfræðslu og endurmenntunar og sjúkradagpeninga. Við lögðum sérstaka áherslu á afkomu barnafjölskyldna og fjölskyldna langveikra barna og að gert yrði átak í að tryggja þeim tekjulægstu húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Í bréfinu var ennfremur fjallað ítarlega um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í því sambandi var sérstaklega minnst á framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga og útgáfu atvinnuleyfa, starfsmannaleigur, meðferð skattamála erlendra starfsmanna, viðurkenningu starfsréttinda og raunar flest þau atriði tengd málefnum útlendinga sem hafa verið til umfjöllunar á okkar vettvangi allar götur síðan.

Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að staðan væri önnur ef atvinnurekendur og stjórnvöld hefðu svarað kalli okkar um sáttmála sem fæli í sér sameiginlega framtíðarsýn varðandi efnahags- atvinnu- og félagsmál. Þróunin hefur verið í átt til minna samráðs en oft áður – því miður.

Hefðu menn unnið saman að því að skilgreina hvernig málum væri best fyrir komið meðan á mestu framkvæmdum Íslandssögunnar stæði, þá væri verðbólgan ekki sú sem hún mælist. Málefni útlendinga á íslenskum vinnuamarkaði væru ekki í óefni og ég leyfi mér að fullyrða að kjarasamningar væru ekki í uppnámi.

Félagi Kristján fór yfir það hvernig þeim atriðum sem beinlínis voru skilgreind í kjarasamningum hefur reitt af. Þá er ég að tala um verðlagsforsendurnar og kjarasamninga annarra hópa. Opinberir aðilar – ríkisstjórn og sveitarfélög – hafa í þeim samningum sem þeir hafa gert við sína viðsemjendur - skilgreint svigrúmið með talsvert rýmri hætti en gert var í okkar samningum.

Það er út af fyrir sig ágætt að menn skuli meta stöðuna þannig, en það verður þá að fylgja því eftir og bæta okkar fólki það sem útaf stendur. Samningarnir kveða beinlínis á um það.

Ég sagði áðan að á þetta þyrfti að reyna í samningum. Ég er allajafna bjartsýnn maður, en ég verð að viðurkenna að ég er hóflega bjartsýnn á að viðsemjendur okkar meti stöðuna á sama hátt og við og vilji brúa það bil sem orðið er milli veruleikans og gerðra samninga.

Við munum auðvitað nálgast þetta viðfangsefni af fullri ábyrgð.

Við munum af fullri einlægni reyna til þrautar að ná samkomulagi um það hvernig bilið skuli brúað

En félagar!

Um leið og ég segi þetta, þá verðum við að vera undir það búin að þessu sinni, að hlutirnir gangi ekki fram með þeim hætti. Við skulum vera undir það búin að aðrir nálgist ekki viðfangsefnið af sömu ábyrgð og við.

Við þurfum að standa í ístaðinu og stilla saman kraftana þannig að við getum tekist á við þetta verkefni þannig að það skili okkur þeim árangri sem við getum sætt okkur við. Það er meðal annars eitt af viðfangsefnum þessa ársfundar. Ég kvíði því ekki félagar, að þið nálgist ekki málið af fullri ábyrgð og einurð.

Nú langar mig að víkja nokkrum orðum að því andrúmslofti sem ríkir í þjóðfélaginu. Það hefur sannarlega áhrif á það hvernig komið er fyrir kjarasamningunum og það hefur líka áhrif á mat mitt á því hvernig aðrir munu nálgast viðfangsefnið framundan.

Andrúmsloftið í samfélaginu einkennist í ríkum mæli af græðgi sem við höfum ekki áður upplifað jafn sterkt og um þessar mundir. Það hefur fjarað undan samfélagslegum gildum, samkennd og samhjálp og ég hef ekki séð að stjórnvöld hafi haft uppi neina tilburði til að koma í veg fyrir þessa þróun.

Ég get nefnt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar í þessu sambandi. Ég geri að vísu ráð fyrir að Ólafur Darri fjalli nokkuð um það í framsögu sinni í síðar í dag. Í frumvarpinu er vissulega að finna áherslur sem ástæða er til að fagna – 9% viðbót til menntamála, að teknu tilliti til verðbólgu. Ég hlýt í því sambandi að spyrja: Fer ekki örugglega drjúgur hluti þessara fjármuna til fullorðinsfræðslu, verk- og tæknimenntunar– sem er eitt mikilvægasta viðfangsefnið um þessar mundir. Ég veit ekki svarið við spurningunni – en vona sannarlega að það sé jákvætt.

Ég held þó því miður við getum tæplega haldið því fram að þetta sé velferðarfrumvarp með félagslegum áherslum. Þetta stórkostlega tækifæri til að snúa við blaðinu og hreinlega þurrka út stærstu vankantana á velferðarkerfinu er notað til að færa þeim meira sem mest hafa, með því að útfæra illa tímasettar skattalækkanir þannig að hátekjufólkið fær mest.

Síðan hefur andrúmsloftið, penslan og græðgin gert það að verkum að sumir atvinnurekendur hafa notfært sér ástandið og fengið til starfa erlent vinnuafli sem síðan er misnotað til að knýja niður kjör á almennum vinnumarkaði.

Ég sagði á síðasta ársfundi ykkar að ég gerði ráð fyrir því að málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði yrðu með fyrirferðarmestu viðfangsefnunum í starfi okkar á komandi misserum. Það hefur sannarlega gengið eftir.

Á fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar sem ég minntist á áðan, skilgreindum við hvað við teldum nauðsynlegt að gera til að tryggja að fyrirsjáanleg fjölgun útlendinga á vinnumarkaði gengi fyrir sig með þeim hætti að ásættanlegt væri. Sumt hefur gengið eftir, en mikilvæg viðfangsefni eru enn óleyst.

Síðastliðið vor hleyptum við af stokkunum verkefni sem við höfum kallað "einn réttur – ekkert svindl!". Í ljós hefur komið að ekki var vanþörf á, því víða á vinnumarkaði viðgengst margvísleg misnotkun – einkum í tengslum við útlendinga.

Almennt má segja að það hafi verið nokkurt undanhald í ýmsum málum sem við töldum að væru frágengin fyrir löngu, sum þeirra jafnvel fyrir áratugum. Sum fyrirtæki hafa gengið á lagið og nýtt erlent vinnuafli til að knýja niður kjörin á vinnumarkaðnum. Við munum ekki sætta okkur við að tapa réttindum og kjörum sem við höfum gengið að sem vísuð í langan tíma. Látum þau skilaboð heyrast skýrt héðan frá þessum fundi.

Við getum ekki látið það viðgangast og verðum að mæta því af fullri hörku og einurð.

Á síðasta ársfundi ykkar sagði ég nauðsynlegt að taka af allan vafa um það að við værum ekki að amast við útlendingum í íslensku þjóðlífi. Fjarri því. Málið snerist ekki síst um að tryggja að þessir félagar okkar sætu við sama borð og annað launafólk og staða þeirra væri ekki notuð til að þoka niður kjörum og réttindum íslenskra launamanna. Ég sagði jafnframt að við bærum ábyrgð hvað það varðar að tryggja þessu fólki mannsæmandi húsnæði, tungumálakennslu og félagsleg réttindi. Þetta er að mínu viti í fullu gildi.

Hins vegar vil ég taka undir það með formanni ykkar, að lög og reglur um starfsemi svokallaðra starfsmannaleiga þola enga bið. Í skjóli óvissunnar um hvernig á skuli halda í þeim efnum eru framin margvísleg brot sem ekki er hægt að sætta sig við. Ég treysti því að félagsmálaráðherra fari með þessi skýru skilaboð okkar með sér í farteskinu og taki af skarið í málinu.

Félagar

Framundan er ársfundur ASÍ. Þar verður umfjöllun um kjaramálin fyrirferðarmikil – líkt og hér. Áherslurnar verða vafalítið þær sömu – en við ætlum að ræða um fleiri mál. Í samræmi við samþykktir síðasta ársfundar ASÍ verður rætt um jafnréttismál og vonandi samþykkt stefna okkar í þeim málaflokki.

Eðli máls samkvæmt hljóta jafnréttismálin að vera ein hliðin á baráttunni fyrir bættum kjörum og réttindum. Það segir sig sjálft. Hins vegar hljótum við um leið að viðurkenna að við höfum ef til vill ekki staðið okkur sem skyldi í því sambandi. Nú skulum við sameinast um að gera þar bragarbót á.

Við munum jafnframt halda áfram umræðu undir yfirskriftinni lífið í vinnunni, sem við hófum á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins.

Félagar

Það bíða ykkar mörg mikilvæg viðfangsefni og reynslan kennir mér að um þau verður fjallað af mikilli vandvirkni, ábyrgð og eindrægni.

Ég hef haft það fyrir venju þegar ég ávarpa þing eða ársfundi á vettvangi verkálýðshreyfingarinnar að gera samstöðuna og baráttuprekið að umtalsefni. Séu þeir hlutir ekki í lagi, þá er geta okkar til að leiða til lykta þau mál sem eru á okkar könnu takmörkuð.

Núna er tilefnið ærið. Enn brýnna en oft áður. Þetta vita auðvitað allir sem hér eru – og þó ég viti fullvel að það þarf ekki að brýna ykkur hér til dáða í því sambandi – þá geri ég það samt. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég þó óska ykkur til hamingju með þennan ársfund. Ég veit að þið verðið samstillt í að láta vinnuna á fundinum gagnast hagsmunum ykkar,

en einnig félagar;

hagsmunum alls launafólks í þeirri baráttu sem augljóslega er framundan.